

Norðurþing  
b.t Kjartans Páls íþróttá- og tómstundafulltrúa

Raufarhöfn 29.apríl 2021

**Efni: Umsögn vegna mögulegrar nýtingar á salernisaðstöðu í Grunnskóla Raufarhafnar fyrir tjaldstæði**

Ef tekið er mið af hugmyndum hverfisráðs varðandi nýtingu á salernisaðstöðu í skólanum fyrir tjaldsvæði með því að setja upp léttan vegg (sem ég gef mér að yrði heill og næði upp í loft) þarf samt sem áður að tryggja aðgengi að skólanum. Eins og staðan er nú, er ekki hægt að læsa hurð á leikskóla á austanverðu húsinu nema að innanverðu. Það yrði að skipta um læsingu þar og einnig myndi ég fara fram á að læsingar yrðu settar á hurðir að stofum og kennarastofu þannig að tryggt væri að aðgangur að þeim rýmum yrði einungis í höndum starfsfólks. Um er að ræða læsingar á 6 hurðir. Það þyrfti einnig að tryggja að þrif á salernum og umgengni í forstofu yrði með sómasamlegum hætti og allt tjón bætt ef eitthvað verður og myndi þá ekki falla á skólann. Þá myndi ég fara fram á að aðstaðan yrði tekin út í upphafi og lok sumars. Að því gefnu að þessar kröfur yrðu uppfylltar, myndi ég veita jákvæða umsögn við þessari beiðni.

Með kveðju,

Hrund Ásgeirsdóttir  
Skólastjóri Grunnskóla Raufarhafnar